

Fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands, mánudaginn 29. ágúst klukkan 17:00, Síðumúla 15.

Mættar eru: Guðbjörg Guðmundsdóttir, varaformaður sem stýrir fundi í fjarveru formanns, Helga Kolbeinsdóttir, ritari, Maríanna Gunnarsdóttir, gjaldkeri, Anna María Ingvarsdóttir og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir.

Silja Ösp Jóhannsdóttir, verkefnastjóri situr fundinn.

Dagskrá

Erindi afgreidd milli funda:

Ráðningar starfsmanna. Stefanía Stella Baldursdóttir var metin hæfust umsækjenda og þar með ráðin.

DKK afmæli. Send var kveðja frá Hundaræktarfélagi Íslands af því tilefni og samþykkt að kaupa gjöf handa DKK.

Fréttir frá skrifstofu;

Mikið álag á skrifstofu vegna undirmönnunar. Stjórn biðlar til félagsmanna að sýna þolinmæði.

Afgreiðsla vísindanefndar;

Vísindanefnd hefur tekið til afgreiðslu erindi frá Retriever-deild varðandi tíðni EIC í Labrador retriever. Stjórn HRFÍ hvetur stjórn Retriever-deildar að útfæra tillögur Vísindanefndar.

NKU Youth;

Fulltrúi NKU Youth hefur sent stjórn erindi vegna stöðu sinnar í nefndinni. Ákveðið að boða æskulýðsnefnd á næsta stjórnarfund og ræða málin.

Erindi vegna Smáhundadaga;

Félagsmaður sendi erindi vegna þátttöku HRFÍ á Smáhundadögum Garðheima og spyr hvaða hagsmuni HRFÍ hafi af samstarfinu. En dagarnir hafa verið auglýstir sem Smáhundadagar Garðheima og HRFÍ. Dagarnir hafa verið haldnir í samstarfi við Garðheima sem gefa félaginu blóm á sýningu fyrir þátttöku sína á dögumum. Félagismaðurinn verður upplýstur um þetta fyrirkomulag.

Smáhundadeild;

Erindi frá stjórn Smáhundadeildar vegna breytingarbeiðni frá Papillon ræktendum. Stjórn sendir erindið áfram á Ræktunar- og staðlanefnd.

Æskulýðsnefnd;

Æskulýðsnefnd hefur sent tillögur að starfsreglum æskulýðsnefndar. Stjórn samþykkir tillögurnar.

Erindi frá nefndinni til að halda námskeið í tengslum við keppni ungra sýnenda. Stjórn samþykkir erindið með fyrirvara að kostnaðaráætlun fari ekki úr hófi.

Húsnæðismál;

Stjórn felur húsnæðisnefnd að skoða hentugt húsnæði undir starfsemina. Stjórn kynnir sér útboðslýsingu frá húsnæðisnefnd.

Önnur mál

- Stjórn felur Sólheimakotsnefnd að finna lausnir á lyklamálum kotsins.
- Ákveðið að velja nýjar dómaragjafir og Guðbjörg mun hafa samband við hönnuð og fá afsláttarkjör.
- Félagið á afmæli 4. september. Hvetjum fólk til að birta myndir af HRFÍ hundunum sínum á Instagram og Facebook og merkja félagið.

Fundi slitið klukkan 18:50

Næsti fundur áætlaður 12. september